

Formáli ritstjóra

Nú þegar vetur nálgast færum við ykkur, lesendur góðir, nýtt hefti tímaritsins *Orðs og tungu*. Tímaritið kemur nú út í 27. sinn og á svipuðum árstíma og í fyrra en yfirleitt hefur útgáfan verið að vorlagi.

Stundum hafa ritstjórar kallað eftir greinum sem falla undir tiltekið þema og var á síðasta ári óskað sérstaklega eftir greinum sem snúa að nafnfræðirannsóknum. Ekki voru þó undirtektir alveg í samræmi við væntingar og því ákvað ritstjórn að ekki væri tilefni að þessu sinni til að útbúa sérstakt þemahefti þótt nokkur hluti efnisins sé vissulega tengdur nafnfræði. Í þessu 27. hefti *Orðs og tungu* kennir því ýmissa grasa og er víða komið við í þeim fræðum sem falla undir áherslusvið tímaritsins. Þótt ekki sé til staðar ákveðinn fræðilegur þráður sem tengir greinarnar saman gæti það þó vakið athygli sumra að allir höfundar ritrýnds efnis eru konur og er það í fyrsta sinn í sögu tímaritsins.

Hér birtast fjórar ritrýndar greinar sem eru fremur ólíkar en greina frá athyglisverðum rannsóknum á ýmsum sviðum málvísinda og nafnfræði. **Katrín Axelsdóttir** fjallar um orðið *alveg* frá ýmsum hliðum. Þetta orð er frekar nýtt í málinu og er yfirleitt notað sem atviksorð en getur einnig komið fyrir sem lýsingarorð og orðræðuögn. Merkingarblæbrigðin eru býsna mörg og uppruninn athyglisverður. **Helga Hilmsdóttir** skoðar notkun orðsins *gaur* í samtölum fyrr og nú og gerir ítarlega grein fyrir því hvernig orðið er notað á margvíslegan hátt í samtölum unglingsdregja við tölvuleikjaspil. **Ágústa Þorbergsdóttir** og **Kristín Ingibjörg Hlynsdóttir** segja frá áhugaverðum orðum sem hafa verið send inn á Nýyrðavef Árnastofnunar og flokka þau en rekja jafnframt sögu þessa verkefnis og velta fyrir sér hvernig vefurinn gæti þróast í framtíðinni. Að lokum gerir **Emily Lethbridge** grein fyrir umfangsmikilli nafnfræðirannsókn þar sem sjónum er

beint að örnefnum sem leidd eru af djöflinum og árum hans og finna má um allt land.

Í heftinu er einnig að finna þrjár óritrýndar smágreinar. Í fyrstu greininni fjallar **Jón Axel Harðarson** um sögnina *vökva* og tilbrigði hennar í eldri textum. Í þeirri næstu birtir **Svavar Sigmundsson** yfirlit yfir örnefni í *Sögu Ólafs Þórhallasonar* eftir Eirík Laxdal frá því um 1800 og veltir fyrir sér uppruna þeirra. Í síðustu smágreininni ræðir svo **Aðalsteinn Hákonarson** vafamál við skráningu þriggja örnefna í opinberan örnefnagrunn sem er eins konar framhald skrifa hans um svipað efni í síðasta hefti tímaritsins. Að lokum er undir liðnum *Málfregnir* umfjöllun um nýjan vef *Íslenskrar orðsifjabókar*.

Við viljum þakka höfundum greina í 27. hefti *Orðs og tungu* fyrir ánægjulegt samstarf. Eins og tíðkast hjá flestum fræðilegum tímaritum fylgir *Orð og tunga* þeirri reglu að ritrýnar njóta nafnleyndar. Við getum því ekki nefnt þá með nafni sem tóku að sér að leggja fræðilegt mat á þær greinar sem bárust en sendum þeim hér með þakklætiskveðjur fyrir ómetanlegt framlag. Þá þökkum við þeim sem sitja í ráðgefandi ritnefnd tímaritsins fyrir þeirra störf. Bessi Aðalsteinsson fær bestu þakkir fyrir að annast enn sem fyrr umbrot og samskipti við prentsmiðju og kápuhönnuð og Svanhildur María Gunnarsdóttir fyrir framúrskarandi prófarkalestur.

Ellert Þór Jóhannsson og Jóhannes B. Sigtryggsson ritstjórar